

Fundargerð

11. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn að Vesturbrún 25 Reykjavík, miðvikudaginn 27. desember 2006, kl. 17:00.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Áslaug Ívarsdóttir, Hörður Sverrisson, Birgir Guðjónsson, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri. Gestur Guðjónsson og Gunnar Sigurðsson boðuðu forföll.

1. Fundargerð 10. fundar stjórnar lögð fram og samþykkt.

2. Fjármál.

- a) Aðalbók og hreyfingarlistar. Lagðar fram staða aðalbókar fyrir tímabilið 1. janúar 2006 til 28. nóvember 2006 fyrir FRÍ og FRÍ ehf.
- b) Styrktarsamningar vegna 2007. Farið yfir stöðu og horfur varðandi styrktarsamninga fyrir næsta ár.
- c) Rekstraráætlun vegna 2007. Samþykkt að gjaldkeri og varaformaður vinni að rekstraráætlun vegna ársins 2007 og leggi fram á næsta fundi stjórnar.
- d) Stefnt er að því að 1.tbl. Frjálsíþróttablaðsins á árinu 2007 komi út 22. febrúar nk. Jónas Egilsson mun ritstýra blaðinu. Þá er stefnt að því að gefa 2. tbl. út í sambandi við 60 ára afmæli FRÍ, 16. ágúst 2007.
- e) Afrekshópur ungmenna. Rætt um kostnað vegna ferða meðlima utan af landi í æfingabúðir Afrekshópsins. Samþykkt að greiða ferðir fyrir þá sem ekki fá styrk úr sjóði ungra og efnilegra frá ÍSÍ og helming kostnaðar vegna ferða þeirra sem njóta styrkja úr sjóðnum á viðkomandi ári.

3. Mótamál.

- a) Drög að mótaskrá 2007. Samþykkt að færa MÍ 12-14 ára til 14.-15. júlí m.t.t. umræðna á mótafundi FRÍ í nóvember um mótið.
- b) Úthlutun móta 2007:
 1. Innanhúss. Samþykkt var á milli funda að eftirfarandi mótshaldarar tækju að sér framkvæmd innanhússmóta 2007:
 - MÍ 15-22 ára 27.-28. janúar – Breiðablik
 - MÍ aðalhluti 10.-11. febrúar – Fjölnir.
 - MÍ í fjölþrautum 17.-18. febrúar – Breiðablik.
 - MÍ í fjölþrautum 17.-18. febrúar – ÍR.
 - Bikarkeppni FRÍ 24. febrúar – FRÍ og félag.
 - MÍ 12-14 ára 3.-4. mars – Ármann.Öll þessi mót fara fram í nýju Laugardalshöllinni.
 2. Samþykkt var að eftirfarandi sambandsaðilar taki að sér framkvæmd móta á vegum FRÍ utanhúss á árinu 2007:
 - MÍ í fjölþr. og lengri boðhl. 26.-27. maí – ÍR/Laugardalsvöllur.
 - MÍ 12-14 ára 14.-15. júlí – UMSB/Skallagrímsvöllur.
 - 81. Meistaramót Íslands 28.-29. júlí – UMSS/Sauðárkróksvöllur.
 - Bikarkeppni FRÍ, 1.deild 10.-11. ágúst – Ármann/Fjölnir/Laugardalsvöllur.
 - MÍ 15-22 ára 25.-26. ágúst – HSP/Laugar.
 - MÍ öldunga 01.-02. september – UMFA/Varmárvöllur.

- Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri 7. sept. – Ármann/Laugardalsv.
 - Víðavangshlaup Íslands 13. okt. – Breiðablik/Kópavogur.
- c) Alþjóðlegt boðsmót 21. janúar nk. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu undirbúning fyrir alþjóðlegt boðsmót 21. janúar nk. í Laugardalshöll. Fram kom að stefnt er að mótið verði með svipuðu sniði og á sl. ári, þar sem allt besta frjálsíþróttafólk landsins keppi á móti erlendum keppendum í völdum greinum, mótið fer fram sunnudaginn 21. janúar eftir hádegi og verður í beinni útsendingu stjórnvarpsins.
 - d) Bikarkeppni FRÍ 24. feb. Rætt um keppnisreglur í Bikarkeppni FRÍ innanhúss. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri geri uppkast af kynningarbréfi til keppnisliða.
 - e) EM innanhúss 2.- 4. mars 2007. Rætt um fyrirkomulag varðandi val á keppendum. Samþykkt að engin lágmörk verði notuð, en keppendur valdir m.t.t. árangurs á innanhússtímabilinu í janúar og febrúar 2007.
 - f) Ól. í Peking – fundur 6. des. með ÍSÍ. Velja þarf mögulega keppendur frá FRÍ vegna leikanna og skila til ÍSÍ fyrir 15. janúar nk. Vísað til ÍÞA og óskað eftir að nefndin skili tillögum til stjórnar FRÍ um málið.
 - g) Lágmörk fyrir mót erlendis á næsta ári. ÍÞA skili tillögum um lágmörk til stjórnar FRÍ fyrir næsta fund.
 - h) Tengiliðir FRÍ vegna Smáþjóðarleikanna í Monakó og Ólympíuhátíðar æskunnar í Belgrad. Samþykkt að framkvæmdastjóri verði tengiliður FRÍ við ÍSÍ vegna Smáþjóðaleika og Fríða Rún vegna Ól. æskunnar.
 - i) Formaður kynnti viðbætur sem hann hefur unnið að í mótaforriti FRÍ. Frá nk. áramótum verður hægt að sjá “topplista” í öllum greinum frá þeim mótum sem færð eru inn í mótaforritið. Listinn uppfærist jafnóðum og mótum er lokið.

4. Frjálsíþróttafólk ársins

Stjórn samþykkti tillögu ÍÞA að vali á frjálsíþróttakonunum og karli ársins 2006 á milli 10. og 11. fundar stjórnar í tölvupósti. Frjálsíþróttakarli ársins er Björn Margeirsson FH og frjálsíþróttakona er Silja Úlfarsdóttir FH. Rætt um að velja þurfi Frjálsíþróttamann ársins og þá var einnig rætt um að veita fleir viðurkenningar við fyrsta hentunga tækifæri, skoða hvort hægt sé að veita þær viðurkenningar fyrstu helgi í janúar eða við annað hentugt tækifæri í byrjun ársins.

5. Lagt fram.

- a) Skýsla unglíngalandsliðsþjálfara vegna NM í víðavangshlaupum.
- b) Kynningarbæklingur tvö vegna EM innanhúss 2007.
- c) Kynningarbæklingur vegna Landsmóts UMFÍ 2007.
- d) EAA, kvóti vegna EM U20 og U23 2007 og boðsbréf frá LOC vegna EM U23.
- e) Punkar frá mótafundum FRÍ 18. nóv. sl.
- f) Tilkynning um félagaskipti:
 - Salbjörg Ragna Sævarsdóttir, kt. 010491-2239, úr Umf. Víði (USVH) í FH (ÍBH). Fær keppnisréttindi með FH 1. janúar 2007.
 - Eva Kristín Kristjánsdóttir, kt. 070180-2609, úr UMFG (HSH) í FH (ÍBH). Fær keppnisréttindi með FH 1. janúar 2007.
- g) ÍSÍ, Lyfjaeftirlitsveggspjald.

6. Innsend mál.

- a) Bréf frá frjálsíþróttadeild Breiðabliks, dagsett 12. desember sl.
Óskað er eftir að skoðað verði að færa MÍ í fjölþrautum og lengri
boðhlaupum utanhúss fram um eina viku, þar sem það ber uppá sömu helgi
á NM í 10.000m hlaupi í Finnlandi.

7. Önnur mál.

Samþykkt að Unnur Sigurðardóttir taki sæti í Íþróttá- og afreksnefnd FRÍ.

Fundi slitið kl. 19:40

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson